

Starfsandi lækna á Landspítala og viðhorf til stjórnunar stofnunarinnar



Sigurður Böðvarsson

sigurbo@landspitali.is

Höfundur er krabbameinslæknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Lokaverkefni mitt í MSc-námi í stjórnun heilbrigðisþjónustu við háskólann á Bifröst fyrr í haust sneri að starfsanda lækna á Landspítala og viðhorfum þeirra til stjórnunar stofnunarinnar.

Eins og kunnugt er var Landspítali – háskólasjúkrahús stofnaður árið 2000 við samruna Ríkisspítala og Borgarspítala. Við stofnunina urðu til 14 ný klínísk svið við spítalann og nýtt stjórnunarlag sviðsstjóra lækninga og hjúkrunar við hvert svið leit dagsins ljós. Fljótlega tók að bera á óánægju lækna vegna vinnu og vinnuumhverfis og fylgdu í kjölfarið ýmsar kvartanir til landlæknis á árunum 2000-2002. Til að kanna grunn þessara kvartana réðust Læknaráð Landspítalans og Vinnueftirlit ríkisins í að gera sameiginlega rannsókn á þessum þáttum í starfi lækna með ítarlegum spurningalista. 345 lækna svörðu listanum (59%).

Ný lög um heilbrigðisþjónustu litu dagsins ljós árið 2007, (nr. 40/2007). Enn á ný voru gerðar breytingar á stjórnkerfi Landspítala – háskólasjúkrahúss og reyndar var nafni stofnunarinnar breytt til fyrra horfs í gamla nafnið, Landspítali. Stjórnarnefnd var lögð niður og nýr forstjóri ráðinn til starfa 1. september 2008. Skipurit var verulega einfaldað 1. maí 2009 og klínískum sviðum spítalans fækkað úr 14 í 6. Þá voru störf sviðsstjóra lögð niður og einn framkvæmdastjóri ráðinn til að stýra hverju sviði.


Á liðnu vori hafði ég hug á að kanna hvort starfsandi lækna Landspítala og viðhorf þeirra til stjórnunar stofnunarinnar hefðu breyst á undanförunum sex árum. Á tímabilinu 19. maí til 11. júní 2009 lagði ég því 25 spurningar með rafrænum hætti fyrir alla lækna lyflækninga- og skurðlækningasviðs Landspítala. Fimm spurninganna sneru að bakgrunni læknanna en 20 að vinnuanda og starfsumhverfi. Þar af voru 17 endurnýttar óbreyttar frá spurningalista Læknaráðs Landspítala og Vinnueftirlits ríkisins árið 2003, en þrjár nýjar er sneru að frammistöðu og skipulagsbreytingum voru settar inn. Svarúrtak var 329 lækna, 164 þeirra svörðu, eða 49,8%.

Hvað stjórnun varðar töldu fleiri lækna nú en árið 2003 að næsti yfirmaður mæti það við þá ef þeir næðu árangri í starfi (57% v.s. 47%). Fleiri lækna voru nú ánægðir með stjórn spítalans en 2003 þótt hlutfall þeirra sé lágt (23% v.s. 13% 2003). Þá töldu 65% lækna nýliðnar skipulagsbreytingar sem meðal annars fólust í fækkun sviða vera til bóta. Á þessum síðustu og verstu tímum var það og athyglisvert að líkt og árið 2003 töldu

ríflega 90% lækna unnt að bæta og/eða auka vinnuframlag sitt með betra skipulagi.

Líkt og árið 2003 töldu um 80% lækna þátttöku læknaráðs í stjórnun Landspítala vera litla og sama hlutfall áleit að hún ætti að vera mikil, sjá mynd 1.

Hvað vinnustaðinn sjálfan varðar þá töldu ívið fleiri lækna starfsandann nú góðan en árið 2003,




Mynd 1. Samanburður á mati lækna á núverandi áhrifum læknaráðs á stjórnun Landspítala og því hvert þeir telja að hlutverk ráðsins eigi að vera.

(78% v.s. 72%) og mun færri töldu nú mismunað eftir kyni (40% v.s. 90%).

Þrátt fyrir að ýmsar vísbendingar um betri starfsanda megi finna í þeim niðurstöðum sem þegar hafa verið raktar, hefur þeim læknum fækkað sem telja sig búa við mikið starfsöryggi (64% v.s. 70%). Þá hafa fleiri lækna nú hugleitt mikið eða ákveðið að hætta vinnu en 2003 (22% v.s. 11%). Algengast er þetta viðhorf meðal sérfræðilækna, þeirra lækna er bera hitann og þungann af kjarnastarfsemi spítalans, lækningum, en 25% þeirra fylla þennan hóp.

Að lokum læt ég hér fylgja með mat lækna á heildarframmistöðu spítalans. Eins og fram kemur er nokkur munur á afstöðu manna eftir því hvaða starfshópi þeir tilheyra, mynd 2.



Mynd 2. Heildarframmistöða Landspítala að mati lækna eftir starfshópum.

Það væri mér sönn ánægja að senda áhuga-sömum ritgerðina á rafrænu formi.

Stjórn Lí

Birna Jónsdóttir, formaður
 Þórarinn Guðnason, varaformaður
 Sigurveig Pétursdóttir, gjaldkeri
 Sigríður Ó. Haraldsdóttir, ritari
 Kristján G. Guðmundsson
 Ragnar Gunnarsson
 Sigurður Böðvarsson
 Valentínus Þór Valdimarsson
 Valgerður Rúnarsdóttir

Í pistlum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.